

## Umsögn í tilefni tillögu til þingsályktunar, 727. mál frá atvinnuveganefnd

Sveinbjörn Björnsson [svb@os.is]

Sent: 7. maí 2012 15:47

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

### Umsögn í tilefni tillögu til þingsályktunar, 727. mál frá atvinnuveganefnd.

Þar sem undirritaður hefur verið starfsmaður við undirbúning rammaáætlunar frá upphafi telur hann ekki viðeigandi að gera beinar athugasemdir við þá flokkun sem felst í tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

Hins vegar vill hann nota tækifærið til að benda á tvo annmarka sem eru á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, Þessir annmarkar geta haft töluverð áhrif á flokkun virkjunarhugmynda.

Í upphaflegu markmiði með rammaáætlun var gert ráð fyrir að verkefnisstjórn gæti bægt hugmynd að tilhögun virkjunar frá með því að raða henni í biðflokk, ef hún teldi að framkvæmdinni fylgdu óþörf óæskileg áhrif. Þannig gæti frummat verkefnisstjórnar á virkjunarhugmynd verið leiðbeinandi fyrir þann sem undirbýr hana og hvatt hann til að gera betur til að draga úr óþörfum skaðlegum áhrifum. Þetta markmið hefur týnst við setningu laganna.

1. mgr. 5. gr. laganna hljóðar svo: "Í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. hvort þeir eigi að falla í orkunýtingarflokk eða verndarflokk." Þetta ákvæði er túlkað svo að einungis megi raða í biðflokk þeim hugmyndum sem afla þurfi frekari upplýsinga um. Ef nægilegar upplýsingar fylgi hugmyndinni beri að raða henni í orkunýtingarflokk eða verndarflokk. Röðun hugmynda í verndarflokk leiðir hins vegar til þess að viðkomandi virkjunarsvæði er sett í verndarflokk og ekki er heimilt að stunda þar frekari orkurannsóknir til undirbúnings annarri hugmynd að virkjun. Röðun í orkunýtingarflokk hleypir hins vegar áfram virkjunarhugmynd sem er líkleg til að verða stöðvuð þegar kemur að mati samkvæmt lögum mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

3. mgr. 5. gr. laganna segir nú: "Heimilt er að veita leyfl tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyflsskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra."

Þetta ákvæði útilokar rannsóknarboranir á háhitasvæðum sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um hvort fyrirhugað virkjunarsvæði sé í raun hentugt til raforkuvinnslu. Dæmi um þetta er Sveifluháls. Þar ríkir enn óvissa hvort jarðhitasvæðið hentar til raforkuvinnslu en úr því verður ekki skorið nema með rannsóknarborunum. Röðun í biðflokk mundi hindra virkjunaraðila í þeim rannsóknum sem nauðsynlegar eru til að skera úr um það. Hér væri æskilegra að rannsóknarboranir væru heimilár í biðflokki en háðar skilyrðum sem m.a. gerðu skylt að afmá sem mest verksumerki borunar ef svæðið reynist ekki henta til virkjunar.

Virðingarfyllst

Sveinbjörn Björnsson

Víghólastíg 14, 200 Kópavogur

svb@os.is, s. 895 4672